



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 110. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 24. júní 2013 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mætt: Bjarni Pálsson formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Hildigunnur Thorsteinsson og Kristín Vala Matthíasdóttir.

Forföll: Magnús Ólafsson og Magnús Þór Jónsson.

Í upphafi fundar var Hildigunnur boðin velkomin til liðs við stjórnina, en hún var kjörin nýr stjórnarmaður á nýliðnum aðalfundi.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar

Óbreytt verkaskipting samþykkt. Kristín Vala verður áfram varaformaður, Claus gjaldkeri og Gústaf ritari.

3. Auglýsing um nemendastyrki

Rætt um innihald og framsetningu auglýsingar, en nú bætast við styrkveitingar til meistaranema. Gústaf sendir drög á stjórnarmenn.

4. Umræðan um jarðhitanýtingu

Nokkuð hefur verið sótt að jarðhitanum eftir að rammaáætlun var samþykkt með nær engum vatnsaflskostum í nýtingarflokki. Brennisteinsvetni, niðurdæling, vernd landsvæða... Nú síðast hefur verið talsverð umræða eftir að fram komu upplýsingar um viðbótarorkuþörf fyrir Hellisheiðarvirkjun. Sú umræða er um margt ágæt áminning um að jarðhitann þarf að virkja í hóflegum áföngum. Mikilvægt að þetta verði hins vegar ekki til að styrkja í sessi þá kenningu sem oft heyrst að jarðhitanýting teljist ekki endurnýjanleg orkunýting.

5. Nýir félagsmenn

Þrjú nýir félagsmenn samþykktir í félagið:

- Bjarni Már Júlíusson, Orkuveita Reykjavíkur
- Guðjón Eyjólfur Ólafsson, Efla
- Vilhjálmur Guðmundsson, Enorca

6. Önnur mál

Engin önnur mál. Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 9. september kl. 15:00, í húsakynnum Landsvirkjunar.

Fundi slitið kl. 16:25. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
